

Mosfellsbær
Ólafur Melsted
Skipulagsfulltrúi
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík 17. september 2018
MI201808-0085/ 6.08 / K.M.

**Efni: Frístundasvæði í suðurhluta Mosfellsbæjar.
Breyting á aðalskipulagi.**

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar frá 20. ágúst s.l. Með bréfinu er óskað er eftir athugasemdum og ábendingum um lýsingu, verkáætlun skipulagsáætlunar fyrir væntanlegt breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030.

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulaginu nær til þriggja svæða í nágrenni við núverandi frístundabyggð, þ.e. vestan Dallands og norður af Selvatni. Landnotkun á þessum svæðum breytist úr „Óbyggð svæði“ í „Svæði fyrir frístundabyggð“. Svæðin fá landnotkunarnúmerin 540-F, 541-F og 543-F.

Í kafla 2.4. í lýsingunni segir að ekki sé vitað um menningarminjar, fornleifar eða önnur menningarverðmæti á viðkomandi landareignum.

Í kafla 1.1. í skipulagslýsingunni kemur fram að í deiliskipulagi verður nánar gerð grein fyrir fyrirhugaðri uppbyggingu á svæðunum.

Fornleifar voru skráðar í Mosfellsbæ á árunum 2000 og 2001 og fornleifaskrá gefin út í skýrslu Þjóðminjasafns Íslands árið 2006: *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Frá því að sú skráning fór fram hafa lög um menningarminjar nr. 80/2012 tekið gildi. Endurskoða skal fornleifaskráningu í tengslum við gerð deiliskipulags á umræddum svæðum í samræmi við ákvæði 16. gr. laga um menningarminjar og staðla stofnunarinnar um fornleifaskráningu vegna deiliskipulags og skil á fornleifaskráningargögnum. Á skipulagsuppdrætti þarf að sýna útlínur skráðra fornleifa og fjallað þarf um fornleifarnar og áhrif skipulagsins á þær í greinargerð/umhverfisskýrslu.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is


Kennitala: 440113-0280


Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Guðný Geirður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar (olafurm@mos.is)